

STJÓRNARTÍÐINDI A 19 – 1994

Nr. 123

362

12. nóvember 1994

AUGLÝSING

**um staðfesting forsetaúrskurðar um breyting á forsetaúrskurði
nr. 109 24. júní 1994, um breyting á forsetaúrskurði nr. 88
14. júní 1993, um skipting starfa ráðherra.**

Forseti Íslands hefur í dag samkvæmt tillögu forsætisráðherra og með skírskotun til 15. gr. stjórnarskrárinnar, laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, og reglugerðar samkvæmt þeim frá 31. desember 1969, með síðari breytingum, gefið út svohljóðandi úrskurð um breyting á forsetaúrskurði nr. 109 frá 24. júní 1994, um breyting á forsetaúrskurði nr. 88 frá 14. júní 1993, um skipting starfa ráðherra:

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra er hér með gerð sú breyting á forsetaúrskurði nr. 109 frá 24. júní 1994, um breyting á forsetaúrskurði nr. 88 frá 14. júní 1993, um skipting starfa ráðherra, að Rannveig Guðmundsdóttir fer með ráðherrastörf þau sem Guðmundi Árna Stefánssyni voru falin í nefndum forsetaúrskurði og fer með félagsmálaráðuneytið.

Þetta birtist hér með þeim, sem hlut eiga að máli.

Forsætisráðuneytið, 12. nóvember 1994.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

Nr. 124

3. nóvember 1994

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er á förum til útlanda.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 3. nóvember 1994.

F. h. r.

Ólafur Davíðsson.